

Athugasemdir frá Dýralæknafélagi Íslands vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um dýralækna.

Stjórn Dýralæknafélags Íslands vill þakka landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytinu fyrir það traust og samstarfsvilja sem það sýnir félaginu með því að gefa því tækifæri á að tjá sig um drög að frumvarpi til breytinga á lögum um dýralækna.

Stjórn DÍ leifir sér að gera eftirfarandi athugasemdir og hugleiðingar.

30. grein

1. mgr. 6. gr. Laganna orðist svo:

..... sem er viðurkenndur af íslenskum stjórnvöldum **að fenginni umsögn dýralæknaráðs** og

Hliðstætt ákvæði er að finna í lögum um lækna, stjórnin telur mikilvægt að dýralæknaráð fjalli um dýralæknaháskóla utan EES og þá menntun sem þeir veita, áður en íslensk stjórnvöld samþykkja slíka skóla.

31. grein

Í skilgreiningu á verksviði héraðsdýralækna er það álit stjórnar að það vanti að getið sé um dýravernd eða **velferð dýra**, þarf að koma inn í upptalninguna.

32. grein

Í drögunum er lagt til að ekki verði bakvaktir vegna almennrar þjónustu við dýraeigendur á þéttbýlli svæðum landsins, Gullbringu- og Kjós, Skagafirði, Eyjafirði og Suðurlandi. Þetta er rökstutt í greinargerðinni “..... ekki er því ástæða til að skipuleggja og greiða fyrir slíka þjónustu þar sem starfandi dýralæknar sinna þessari þjónustu í dag á markaðslegum forsendum”

Þetta telur stjórnin vera ranga staðhæfingu, því í dag er greitt fyrir allar bakvaktir á þessum svæðum, bæði á dagvinnu- og eftirvinnutíma. Ef greiðsla bakvakta frá hinu opinbera fellur niður þarf að fjármagna bakvaktirnar á annan hátt, eða sleppa þeim.

Samkvæmt drögunum verða engar bakvaktir á ofangreindum svæðum greiddar af hinu opinbera, huga þarf því að hvernig viðbrögð geta orðið. Þó umrædd svæði séu þéttbýl standa útköll á dýralæknaþjónustu um nætur og helgar ekki undir bakvaktageiðslum til starfsmanna dýralæknaþjónustu allan ársins hring. Afleiðingar gætu því orðið tvenns konar:

1. Veruleg hækkun gjaldskrár um helgar, kvöld og nætur. Á helst við í landbúnaðarumdæmum. Huga þyrfti þá að “jafnræðisreglunni” gagnvart bændum í landinu.
2. Takmarkaðar bakvaktir.
 - a. Eingöngu fyrir viðskiptavinum gæludýra. Vegna sífellt meiri sérhæfingar sinna smádýralæknar ekki stórum dýrum, s.s. hestum, nautgripum og sauðfé. Þessir dýralæknar hafa hvorki lyf, tæki né áhöld til að sinna útköllum vegna stærri dýra. Þetta á helst við í Gullbringu- og

- Kjósarumdæmi, en bakvakt vegna hesta yrði líklega haldið úti á höfuðborgarsvæðinu á annatíma, en líklega ekki þess utan, s.s. Suðurnesin.
- b. Árstíðabundnar bakvaktir. Dýralæknar gætu tekið þann kostinn að halda úti bakvakt á álagstímum, þannig að útköll stæðu undir bakvaktgreiðslum og sleppt bakvöktum á öðrum árstímum þegar færri útkalla er að vænta.

Dýralæknafélag Íslands hefur alla tíð lagt á það mikla áherslu að réttur dýra og/eða dýraeigenda til að hafa aðgang að dýralæknaþjónustu sé tryggður í lögum á grundvelli dýraverndarsjónarmiða, þ.e. að dýralæknir sé ávallt tiltækur til að lina þjáningar dýra, sama hverrar tegundar.

33. grein

Óskað er eftir að **Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga** verði bætt inn meðal þeirra aðila sem ráðherra skal hafa samráð við varðandi ákvörðun um hvar þörf er á opinberum greiðslum fyrir dýralæknaþjónustu.

Það varðar viðkomandi sveitarfélag hvort þörf er á opinberum greiðslum vegna dýralæknaþjónustu, því dýraeigendur eru fleiri en bændur og aðgangur að þjónustu fellur undir lífsgæði hjá viðkomandi sveitarfélagi. Hugsanlega gætu sveitarfélög orðið aðilar að opinberum stuðningi, t.d. hvað varðar húsnæði, niðurfellingu leikskólagjalda o.s.frv.

Stjórn DÍ vekur athygli á að reglugerð samkvæmt þessari grein verði unnin hið fyrsta svo nýtt fyrirkomulag verði tilbúið haustið 2009 þannig ekki verði dýralæknislaust í dreifðum byggðum landsins. Það gæti reynst erfiðara að fá nýtt fólk til starfa heldur en að halda þeim dýralæknum sem fyrir eru á svæðinu.

34. grein

Óskað er eftir að fallið verði frá breytingu á núgildandi lögum hvað varðar ákvæði um “sérmenntaða” dýralækna. Greinin hæfist þá “Matvælastofnun skal ráða **sérmenntaða** sérgreinadýralækna meðal annars

Einnig er óskað eftir að bætt verði við “**gæludýrasjúkdóma**” í upptalningu um störf sérgreinadýralækna.

Að lokum vill stjórn DÍ ítreka ósk sína um breytingu á 18. grein laga um dýralækna er fjallar um leyfissviptingu. Greinina þarf að endursemjja, lagt er til að hún verði svohljóðandi:

“Uppfylli dýralæknir, sem hefur læknisleyfi, ekki lengur þær kröfur sem gerðar voru er læknisleyfi var veitt, svo sem vegna bilunar á anlegri heilsu, misnotkunar vímuefna eða hann vanræki skyldur sínar og störf, fari út fyrir verksvið sitt eða brjóti alvarlega í bága við fyrirmæli sem dýralæknum er skylt að starfa eftir ber fyrirdýralækna að áminna hann og greina ráðherra frá málavöxtum. Nú kemur ítrekuð áminning ekki að haldi skal þá ráðherra leita álits dýralæknaráðs áður en hann ákveður að svipta viðkomandi dýralækni lækningaleyfi að fullu eða um tiltekinn tíma.”

Reykjavík, 26. febrúar 2008
F.h. stjórnar DÍ

Sif Traustadóttir
formaður